

Fyrstu fiðrildin

saga frá indíánum Norður-Ameríku
leikgerð Rannveig Þorkelsdóttir

Persónur og leikendur:

Indíáni 1

Indíáni 2

Andinn

Demantur 1

Demantur 2

Rúbín 1

Rúbín 2

Safír

Smaragður

Ópal

Flúórít

Túrkis

Sunnanvindur



Indíáni 1: Leikritið sem þið eruð að fara að sjá er frá indíanum Norður-Ameríku. Leikritið fjallar um hinn mikla anda sem fékk þá hugmynd að búa til fallega staði fyrir mannfólkið til að sjá.

Andinn: Ég ætla að búa mönnunum fallest heimil. Ég set fjöll og dali, skóga og sléttur. Jörðin verður svo dásamleg að allir sem hér búa eiga eftir að vilja lifa í friði.

Indíáni 2: Síðan þakti andinn Jörðina með teppi af grænu grasi og stráði á það marglitum blómum. Hann skapaði skóga og fyllti þá með alls konar dýrum og fuglum. Hann fyllti árnar af fiskum og hlóð upp stórum björgum og byggði himinhá fjöll.

Andinn: Börnin mín verða hrifin af skóginum og ánum og vötnunum, en hvernig á ég að kenna þeim að elska fjöllin? Þar er enginn gróður og þau eru köld og eyðileg.

Indíáni 1: Andinn hugsaði sig um lengi, lengi og þá kom honum ráð í hug. Hann skapaði fjölda glitrandi steina. Sumir voru rauðir, aðrir bláir eða grænir, sumir gulir og aðrir marglitir eins og regnboginn.

Demantur 1: Demantar eru harðasta steind í heimi. Gljáinn og leiftrandi litaspil hafa gert demantinn að dýrasta skrautsteininum. Sá glærasti er sá verðmætasti, um leið og kominn er litur í hann lækkar verð hans.

Demantur 2: Demantar eru taldir vernda þann sem þá ber fyrir illum öndum og tákna sakleysi og hjónabandshamingju.

Rúbínar1: Það eru einungis rauðir Kórúnd steinar með gæðum skrautsteina sem mega kallast rúbínar. Í hörku er Rúbíninn næstur demantinum. Þeir geta verið lagskiptir og litverpir ef aðstæður breytast á meðan kristallarnir vaxa.



Rúbínnar 2: Að dreyma mig boðar velgengni í viðskiptum, fjármálum og ástarmálum. Ég fælar framliðna frá þeim lifandi og held í burtu illum öndum.

Safír: Safír er heiti yfir blátt Kórúnd. Ég er oftast gegnsær. Safír er sagður færa þeim sem ber hann góða heilsu og heppni. Hann tilheyrir sama flokki og rúbín en er blár á lit. Ég er svo öflugur að ég get breytt stöðu stjarnanna eigandanum í hag. Ég ýti undir sannsögli, hreinskilni og festu. Tærir gegnsærir safírar eru sagðir vera verndarar ástarinnar líkt og demantar. Í gamla daga var ég notaður til að eyða öfund og afbrýðisemi. Einnig ýtir undir hreinlífi hjá ungum meyjum og tryggð í hjónabandi.

Smaragður: Fallegi græni litur sem þið sjáið, stafar af krómi. Mikið er um að við séum þrepa slípaðir enda er sú slípun oft kölluð smaragðslípun. Smaragður tákna samhljórn heimilisins og velgengni í ástarlífinu. Það er gömul trú að smaragður sé góður fyrir augun.

Ópalar: Ég er harðnað kísilhlaup og ókristallað efni. Hægt er að skipta okkur í tvo aðalflokka:

Eðalópala og venjulega ópala. Eðalópalar eru marglitir með litaspili eða rauðgulur eðalópall.

Dýrmætustu ópalarinnir eru þeir svörtu svona eins og ég.

Flúórit: Ég heiti Flúórit og er lítið nýttur sem slípaður skrautsteinn vegna lítillar hörku. Ég er engu að síður áhugaverður vegna mikillar litadýrðar.

Ég er oft röndóttur eða skellóttur. Ég hefur verið notaður til útskurðar og þegar ég er slípaður er það aðallega fyrir safnara.

Túrkis: Ég er Túrkis og er einn af þeim steinum sem lengst hefur verið notaður til skrauts. Ég er þekktastur fyrir bláa/blágræna litinn en get einnig verið grænn.

Litamyndunin fer eftir hlutfalli kopars og áls í hverjum steini.



Andinn: Ég að ætla fela þessa fallegu steina í glufum og sprungum í fjöllum. Mennirnir munu finna þá og þeir munu læra að elska fjöllin sem gefa þeim þá. Ég ætla samt ekki að fela ykkur alla inni í dimmum sprungum, ég vil að börnin fái að sjá ykkur líka.

Indíáni 2: Þegar andinn var búinn að dást að öllum steinunum átti sunnarvindurinn leið hjá.

Sunnanvindur: Ég syng um fegurð Jarðarinnar, um öll fallegu dýrin og fuglana og trén í skóginum, um bjarta sumardaga og hlýjar sumarnætur.

Andinn: Sunnanvindur, taktu þessa fallegu steina með þér. Leyfðu öllum að dást að fegurð þeirra.

Sunnanvindur: Alveg sjálfsagt, hann blæs og allir seinarnir verða að fiðrildum.

Indíánar: Um leið og hann sleppti orðinu lyftu steinarnir sér upp og urðu að fiðrildum. Þannig urðu fyrstu fiðrildin til.

Leikum af list.is / Rannveig Þorkelsdóttir©2008